

Aðalsafnaðarfundur

Hákon Leifsson

Skýrsla tónlistarstjóra Grafarvogskirkju 2017

Þrír kórar starfa nú við Grafarvogskirkju: Kirkjukór Grafarvogskirkju, Vox Populi og Barnakór Grafarvogskirkju. Organistar kirkjunnar og kórstjórar eru þeir Hákon Leifsson og Hilmar Örn Agnarsson og síðan kórstjóri barnakórs Sigríður Soffía Hafliðadóttir. Sú nýbreytni átti sér stað á árinu að barnakórinn tók upp nafnið “Barnakór Grafarvogskirkju”. Sigríður Soffía var ráðinn kórstjóri í kjölfar þeirra ákvörðunar. Barnakórinn starfaði upp í Borgum fyrir áramót en niðri Grafarvogskirkju eftir áramót. Starf kórsins er með miklum ágætum. Fyrirhugað er á næsta ári, að taka aðeins inn krakka úr 3. bekk og eldri, sökum aldursamsetningar í kórnum núna, því aldursbil hópsins er of breytt.

Segja má með sannri að sönglíf kirkjunnar sé í ágætum blóma og töluverðu verki verið skilað þetta árið. Kirkjukórinn fór í menningarferð til Münchenar í október 2016 ásamt nýskipuðum sóknarpresti sr. Guðrúnu Karls Helgudóttur og fráfaraðandi sóknarpresti sr. Vigfúsi Þór Árnasyni. Ferðin þótti afar vel heppnuð og söng kirkjukórinn í messu og á tónleikum fyrir fjölda manns í Postulakirkjunni í Solln, München, við afar góðar undirtektir. Vox populi fór líka í afar velheppnaða náms og æfingaferð til Pólands á haustdögum.

Kór Grafarvogskirkju og Vox Populi héldu hvor um sig sína jólatónleikana á aðventunni við góðan róm. Kirkjukórinn og Vox populi tóku sameiginlega þátt í samstarfi við kirkjukóra Guðríðarkirkju og Árbæjarkirkju, þar sem kórnir héldu veglega tónleika 18. febrúar í Árbæjarkirkju. Þar var meða annars flutt messa eftir franska tónskáldið Charles Gounod og önnur kirkjuklassík. Tónleikarnir voru hluti af afmælisdagskrá Árbæjarsafnaðar og voru vel sóttir. Samstarf milli kirknanna hefur haft örvandi áhrif á innra starfið okkar, því ýmislegt má af öðrum læra. Eins er samvist við aðra kóra bæði gjöful og mannbætandi.

Kirkjukórinn söng svo vortónleika 6. maí ásamt Agnari Má Magnússyni, Gunnari Hrafnssyni og Vigni Stefánssyni þar sem flutt voru íslensk lög frá örófi alda og fram á okkar daga. Þórdís Sævarsdóttir, virkur meðlimur kórsins, söng einsöng við afar góðar undirtektir. Efnisvalið var einskona “Íslensk tónlistarsaga” á 60 mínútum. Vox populi mun síðan halda heimilislega stofutónleika nú síðar í maímánuði. Kór Grafarvogskirkju og Vox populi hafa sungið við allt reglubundið helgihald kirkjunnar að heita má í vetur.

Í ljósi batnandi gengis krónunnar vænkaðist hagur orgelssjóðsins verulega. Árið 2008 var handsalað samkomulag við orgelsmiðinn Roman Seifert um byggingu nýs orgels í Grafarvogskirkju. Það samkomulag var gert eftir samkeppni á milli 5 orgelsmiða, þar sem tillaga Seiferts varð hlutskörpust fyrir margra hluta sakir. Sú framkvæmd varð ekki að veruleika sökum

efnahagshrunsins í október 2008. Organistarnir, Hákon og Hilmar voru sendir í umboði sóknarnefndar til fundar við Seifert nú í febrúar síðastliðnum til þess að fara að heimsækja Seifert orgelsverksmiðjuna, þá bæði til að kanna ágæti hennar og eins til þess að endurskoða byggingu orgelsins með tilliti til kostnaðar og annara breyttra forsenda er varða orgelið og rými kirkjunnar. Sérfræðingar á vegum Söngmálastjóra og hljóðverkfræðingurinn Ólafur Hjálmarsson, mæltu með því að orgelið yrði endurhannað með það í huga að byggja það sitthvoru megin við altari kirkjunnar, í stað á fjórum stöðum áður.

Ferð Hákonar og Hilmars var í stuttu máli afar árangursrík og óhætt að líta björtum augum fram á veginn með tilliti til væntalegs orgels, því orgelsmiðurinn er af hæstu gæðagráðu og verð hljóðfærisins afar hagstætt. Veglegt orgel mun breyta kirkju okkar í ómandi og hljómandi kirkju. Það mun gera kirkjuna okkar í alla staði að eftirsóknarverðu söng og helgirými. Það mun gerast vegna hljóðfærisins og þeirrar hlóðvistar sem hönnuð verður í kringum það. Má hugsa það sem svo, að orgel hafi margfeldis áhrif á það góða starf sem þegar er unnið í Grafarvogskirkju. Söngur og sönglíf mun styrkjast til muna með tilkomu orgelsins og öll umgengni við kirkjuna er varðar helgihaldið einnig. Kirkjan mun að líkindum óma öll af helgri gleði.